

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EU) 2016/1872**2017/EES/31/11**

frá 6. október 2016

um gerð vöruskrár ESB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2016 eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EBE) nr. 3924/91 er þess krafist að aðildarríki geri könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu.
- 2) Könnunin á iðnaðarframleiðslu verður að byggjast á vöruskrá þar sem tilgreind er sú iðnaðarframleiðsla sem ber að kanna.
- 3) Vöruskrá er nauðsynleg fyrir samræmingu framleiðslutalna og hagskýrslna um utanríkisverslun og til að gera mögulegan samanburð við vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA).
- 4) Vöruskráin, sem gerðar eru kröfur um í reglugerð (EBE) nr. 3924/91 og nefnist „vöruskrá ESB“, gildir fyrir öll aðildarríkin og er nauðsynleg til samanburðar á gögnum milli aðildarríkja.
- 5) Uppfæra þarf vöruskrá ESB og því er nauðsynlegt að semja skrána fyrir árið 2016.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

l. gr.

Vöruskrá ESB fyrir árið 2016 skal vera eins og fram kemur í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 290, 25.10.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 1.

2. gr

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

[Viðaukinn er birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* L 290, 25.10.2016, bls. 1-410.]